

Sindragata 4a, fjölbýlishús.

Verkfundur nr. 12 Haldinn föstudaginn 8. febrúar 2019.

Viðstaddir:

Garðar Sigurgeirsson	Vestfirskir verktakar ehf.
Samúel Orri Stefánsson	Eftirlitsmaður verkkaupa.
Brynjar Þór Jónasson	Ísafjarðarbær.
Sveinn D.K. Lyngmo	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.

1. Síðasta fundargerð.

Fundargerð verkfundar nr.11 lögð fram og samþykkt.

2. Verkstaða.

Búið að slá upp og steypa flesta útveggi á 1.hæð. Einnig er búið að slá upp og steypa alla milliveggi milli íbúða. Verktaki er að vinna í veggjum sem snúa að sameign, súlum og bitum við svalir.

Áætluð verk fram að næsta verkfundi:

Klára alla steypuvinnu á 1.hæð. Stilla undir gólfplötu 2.hæðar og vinna við járnbandingu gólfplötu 2.hæðar. Slá upp stiga í kjallara. Reisa vinnupalla. Vinna í raflögnum samhliða uppsteypu. Pípari mun leggja 75 mm frárennslisrör frá sturtum í gólfplötu 2.hæða og setja svalaniðurföll.

3. Mannafli.

Við verkið vinna að jafnaði eftirtaldir:

- 1-2 rafvirkjar.
- 1-2 píparar.
- 3-4 verkamaður.
- 1-2 smiðir.
- 1 gröfumadur.

4. Hönnunargögn, breytingar.

Gólfplötur á 2.hæð og 3.hæð verða þykktar í 220 mm til að uppfylla hljóðkröfur vegna þess að gólfílgögn verður sleppt.

5. Nýjar kröfur verktaka.

Engar.

6. Eldri óafgreiddar kröfur.

Engar.

2019

7. Mælingar.

Magnmælingar munu fara fram jafnóðum og verða þær framkvæmdar af verktaka og umsjónarmanni verkkaupa og/eða eftirlitsmanni.

8. Úttektir.

Verkið er tekið út jafnóðum.

9. Önnur mál.

- a) Verktaki leggur fram uppfærða verkáætlun til skoðunar.
- b) Áætlaður afhendingartími glugga er um miðjan apríl.

12. Greiðslur.

Lagður hefur verið fram reikningur nr.6 að upphæð 9.755.362 kr.

Lagður hefur verið fram reikningur vegna raflagna að upphæð 829.770 kr.

Reikningar samþykktir.

Næsti verkfundur er áætlaður föstudaginn 22. febrúar 2019 kl. 10.00.

Fundargerð ritaði

Samúel Orri Stefánsson.

Eftirlitsmaður verkkaupa.